

Ed.

188. Frumvarp til laga

[150. mál]

um breytingu á lögum nr. 83/1974 um verðjöfnunargjald af raforku, sbr. lög nr. 99/1979 um breytingu á þeim.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi, 1980).

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem hljóði svo:
Ráðherra er þó heimilt að lækka gjaldið með reglugerð úr 19% í 16% frá 1. júlí 1981 að telja.

2. gr.

Í stað „1980“ í 16. gr. laganna komi: 1981.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér framlengingu um 1 ár á gildistíma laga um verðjöfnunargjald af raforku, en þó er ráðherra heimilt að lækka gjaldið úr 19% í 16% um mitt næsta ár. Gjaldinu er skipt á sama hátt og ákveðið var í l. nr. 6/1979 milli Rafmagnsveitna ríkisins, sem fá 80%, og Orkubús Vestfjarða, sem fær 20%.

Gjaldið er nauðsynlegt til þess að hamla gegn mismunun á raforkuverði í landinu, sem bitnar mest á viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Með l. nr. 85/1975 var gildistími l. nr. 83/1974 framlengdur til 31. desember 1976; með l. nr. 114/1976 til 31. desember 1977; með l. nr. 71/1977 til 31. desember 1978, með br. b. l. nr. 122/1978 til 31. desember 1979 og með l. nr. 6/1979 til sama tíma og þá hækkaði gjaldið jafnframt úr 13% í 19%; loks með l. nr. 99/1979 til 31. desember 1980.

1. Forsaga málsins og gildandi reglur.

Frá 1970 til 1974 voru í gildi lög nr. 17/1970 um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt ákvæðum þeirra laga var kveðið á um að „Þeir aðilar sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða beint til notenda frá aðalorkuveitu skyldu greiða í Orkusjóð verðjöfnunargjald, sem verja skal til ráðstafana til bóta á fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.“

Verðjöfnunargjaldið miðaðist við það magn afls og orku sem hlutaðeigandi aðili hafði til sölumeðferðar, og við afl og orku mælda hjá kaupanda.

Gjaldið var ákveðið sem visst aflgjald fyrir hvert kW og síðan orkugjald miðað við kWst.

Með lögum nr. 83/1974 um verðjöfnunargjald af raforku var tekið upp núverandi fyrirkomulag á innheimtu verðjöfnunargjalds af raforku.

Verðjöfnunargjaldið var hækkað verulega til að ráða bót á miklum fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins. Þá var ákveðið að greiða skyldi 13% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. lagt á sama stofn og söluskattur. Gjaldinu skyldi varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins. Með stofnun Orkubús Vestfjarða var ákveðið að hluti gjaldsins skyldi renna til þess.

Ákveðið var að gjaldið legðist á samhliða söluskatti og að raforkusala til hitunar skyldi undanþegin á sama hátt og hún er undanþegin söluskatti.

Lög þessi voru sett til eins árs í senn, en hafa verið framlengd nánast óbreytt síðan að efni til.

Við framlengingu laganna fyrir árið 1979 var ákveðið að hækka gjaldið úr 13% í 19% og verja þeim viðbótartekjum sem þannig fengjust sérstaklega til að minnka þann mikla mun, sem var á verði raforku hjá Rafmagnsveitum ríkisins og rafveitum sveitarfélaga.

2. Tillögur um breytt fyrirkomulag.

Það hefur oft verið gagnrýnt að verðjöfnunargjald af raforku og söluskattur verki ekki verðjafnandi. Þau leggist hlutfallslega ofan á grunnverð rafveitna og því hærra sem grunnverðið er því hærra sé gjaldið.

Vegna þessa hefur verið í athugun, hvort rétt sé að breyta verðjöfnunargjaldinu í fast gjald á orkueiningu.

Í ljós kemur að verulegir erfiðleikar eru taldir á að leggja fast gjald á kWst, þar sem innbyrðis verðmismunur eftir notendum og nýtingartíma hjá hverri rafveitu sé jafnvel meiri en mismunur milli samsvarandi notkunar hjá mismunandi rafveitum.

Fast gjald á kWst mundi breyta þessum hlutföllum verulega, og þyrfti að tengjast umfangsmikilli endurskoðun á gjaldskrá, sem raunar er nýlega um garð gengin hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Með minnkandi verðmun á sambærilegum tóxtum, er einnig síður ástæða til slíkrar breytingar. Í frumvarpi þessu er því gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi á verðjöfnunargjaldi, a. m. k. á næsta ári.

3. Orkusala í smásölu á árinu 1979 og horfur 1980 og 1981.

Raforkusala í smásölu og tekjur af raforkusölu í smásölu árið 1979 var samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun eftirfarandi:

	GWh	Mkr.	Kr/kWh
1. Heimilisnotkun	252	7 954	31.56
2. Húshitun	389	3 294	8.45
3. Lýsing fyrirtækja	106	4 068	38.51
4. Iðnaður	328	6 943	21.16
5. Önnur notkun	60	1 875	31.19
Samtals smásala	1 135	24 125	21.25
Samtals án húshitunar	746	20 831	27.92

Innheimta verðjöfnunargjalds á árinu 1979 nam 2 686 mkr. og í fjárlögum 1980 er gert ráð fyrir að gjaldið nemi 3 875 mkr. Samsvarandi upphæð skv. fjárlagafrumvarpi 1981 er 5 500 mkr.

4. Fjárhagsvandi Rafmagnsveitna ríkisins.

Verðjöfnunargjald af raforku var á sínum tíma lagt á til að bregðast við verulegum fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins.

Oft hafa verið gerðar athuganir á ástæðum fyrir þeim vanda, og hafa meginniðurstöður jafnan verið þær, að Rafmagnsveitunum væri ætlað að sinna félagslegum framkvæmdum og orkusölu á ýmsum stöðum, þar sem markaður stendur engan veginn undir tilkostnaði.

Ennfremur hafa lánskjör verið óhagstæð og fyrirtækinu var ekki séð fyrir neinu eigin fé um árabíl. Orkuöflun Rafmagnsveitnanna var lengst af mjög kostnaðarsöm og þyrfti víða um land að framleiða raforku með dísilvélum. Með hækkandi olíuverði keyrði um þverbak í þeim efnunum.

Þessar erfiðu aðstæður bitnuðu mjög á viðskiptavinum Rafmagnsveitnanna, þannig að raforkuverð til þeirra var um skeið orðið næstum tvöfalt miðað við verð hjá rafveitum sveitarfélaga, og hið sama gilti um Orkubú Vestfjarða við stofnun þess.

5. Verðjöfnun sem liður í viðtækum aðgerðum.

Við vanda Rafmagnsveitnanna og Orkubús Vestfjarða hefur verið brugðist með markvissum aðgerðum.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að unnið skuli að verðjöfnun á orku. m. a. beri ríkissjóður kostnað af félagslegum framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins og framkvæmdum, sem þeim er falið að annast, og með hliðsjón af því verði einnig tekið tillit til stöðu Orkubús Vestfjarða.

Með aðgerðum í raforkumálum hefur á undanförunum árum náðst verulegur árangur í að draga úr mismun á raforkukostnaði víðs vegar um landið, og má í því sambandi minna á eftirtalið:

- 1) Tilkostnaður Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða við orkuöflun hefur lækkað verulega með lagningu orkuflutningslína og minnkandi raforkuframleiðslu með dísilvélum í kjölfarið.
- 2) Það sjónarmið hefur nú verið viðurkennt, að ríkissjóður leggi Rafmagnsveitum ríkisins til fé vegna framkvæmda sem nauðsynlegt reynist að ráðast í, en ekki eru fjárhagslega arðbærar frá sjónarmiði fyrirtækisins.
- 3) Gerð hefur verið leiðrétting á heilðsölugjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins þannig að hún er nú í meira samræmi við kostnað við að spenna raforkuna niður fyrir rafveitur sveitarfélaga og kostnað vegna þess taps, sem verður í dreifikerfinu.

Með ofangreindum aðgerðum og fyrir tilstyrk verðjöfnunargjaldsins hefur tekist að minnka verðmun á milli rafveitna sveitarfélaga og Rafmagnsveitna ríkisins þannig að munur er nú um 25—30% á heimilistaxta Rafmagnsveitna ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Verðmunur til viðskiptamanna í atvinnurekstri hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur er mjög mismunandi eftir stærð notenda og nýtingartíma þess afls sem keypt er. Smáir og stórir notendur greiða tiltölulega hærra verð hjá Rafmagnsveitum ríkisins en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, en miðlungsstórir notendur með góðan nýtingartíma afls greiða tiltölulega hærra verð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Marktaxti sem notaður er í landbúnaði er tiltölulega hagstæður notendum Rafmagnsveitna ríkisins.

Þannig hefur mikið áunnist við að ná fram jöfnuði í raforkuverði að undanförunu. Gjaldskrár ofangreindra fyrirtækja eru ekki eins uppbyggðar og verður því ávallt nokkur munur milli einstakra notendahópa. Á næstunni er stefnt að frekari aðgerðum til verðjöfnunar, þannig að ekki síðar en á miðju ári 1981 verði verðmunur samkvæmt heimilistaxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur ekki yfir 20%. Við ákvarðanir þar að lútandi verður tekið mið af rekstrarafkomu Rafmagnsveitnanna.

6. Þróun verðlagningar á raforkusölu til heimilisnota.

Hér fer á eftir yfirlit um þróun verðlagningar á raforkusölu til heimilisnota¹⁾ hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur frá 15. ágúst 1978 til 10. nóvember 1980.

Verð gildir frá	Rafmagnsveita Reykjavíkur kr/kWst.	Rafmagnsveitur ríkisins kr/kWst.	Mismunur RARÍK RR %
15. ágúst 1978	19.82	36.11	82.2
15. febrúar 1979	22.89	38.27	67.2
1. maí 1979	30.55	46.06	50.8
1. ágúst 1979	35.74	53.19	48.8
16. september 1979	36.25	53.95	48.8
1. febrúar 1980	40.60	61.24	50.8
10. maí 1980	43.00	65.21	51.7
10. ágúst 1980	46.87	61.96	32.2
10. nóvember 1980	51.09	65.28	27.8

Í höfuðdráttum hefur notkun til iðnaðar í verðlagningu fylgt sömu þróun og heimilisnotkunin.

1) Í samanburðinum er reiknað með að notendur Rafmagnsveitna ríkisins á heimilistaxta séu með 4500 kWh notkun á ári og 6 gjaldeiningar. Frá og með 10. nóv. 1980 féllu gjaldeiningar niður en tekið var upp eitt fastagjald.